



Fjögur málverk eftir Ragnheiði, sem sýna mjög vel stíl hennar og geta vel talizt einkennandi fyrir myndir hennar síðustu árin.

DÓTTIR REAM

Í dag og af því tilefni er hennar minnst hér

Leið Ragnheiðar lá til Washington þar sem hún var ráðin í vinnu hjá íslenska sendiráðinu, en hún hélt heim aftur árið 1944, ástæðuna veit ég ekki, en markverðir hlutir voru að gerast í lífi hennar, því hún hafði þá þegar kynnst mannsefninu sínu og þau giftu sig í október árið 1945. Sambúðin varaði ævilangt, og Donald Forest Ream, eðlisfræðingur, mun vafalítið hafa skilið köllun eiginkonu sinnar og stutt hana af ráðum og dáð. Annars hefði orðið snöggtum minna um árangur og máski hefur máltækið franska snúist hér upp á karlpeninginn: „Heyrir þú mikils manns getið, spurðu þá hver kona hans sé.“ Í beinu framhaldi af þessu má geta þess, að Donald Ream er einmitt af frönskum (og þýskum) ættum og forfaðir hans fluttist til Bandaríkjanna seint á 18. öld þar sem nú heitir Reamstown í

Pennsylvaníu og að sjálfsgöðu í höfuðið á innflytjandanum.

Er Ragnheiður fór að fíkta við málara-áhöldin, lá leiðin fyrst í kvöldskóla og síðan í dagskóla áhugamanna í tvö ár. Þá var svo komið, að málaraalístin hafði gripið huga hennar í þeim mæli, að hún innritaðist í Listadeild American University í Washington þar sem hún var við nám næstu fimm árin (1954—59). Myndlistarfræðsla skipar nefnilega þann sess innan Bandaríkjanna, að velflestir háskólar hafa einnig sérstakan geira frjálsrar myndlistar innan veggja sinna.

Af þessu öllu má ætla, að myndlistarnám Ragnheiðar hafi verið vel traust er hún hverfur úr skóla, þá 42 ára að aldri. Á skólaárunum hafði hún tekið þátt í tveim samsýningum, árin 1957 og '58 í Society of

Washington Artist, sýndi þar einnig 1961, 1962 og 1968. Hún gerist virkur þátttakandi á ýmsum samsýningum, t.d. í Corcoran Gallery of Art, Washington D.C. — Maryland Artists Invitational Exhibition og Baltimore Museum.

Ragnheiður hafði fjórar einkasýningar í Washington D.C. 1962, 1964, 1968 og 1970 og sýndi einnig í Alexandria, Virginia 1966, svo og Baltimore Museum of Art 1964/65.

Af þessari upptalningu má vel marka, að Ragnheiður gerist fljótt aðsópsmikil á sýningavettvangi eftir að skólanámi sleppir, en þó má segja, að athafnasemi og listræn blómstran nái hámarki eftir að hún flyzt alkominn hingað heim með manni sínum í desember árið 1970. Ragnheiður hafði reyndar alla tíð ræktað gamla landið vel

meðan hún var ytra og komið heim til foreldra sinna og Hólavallagötunnar á hverju sumri.

Fyrstu sýningu sína hér heima heldur hún í Bogasalnum árið 1967 og vakti sýningin slíka athygli að getum má leiða að því, hvort það hafi ekki vegið þungt við ákvörðunartökuna um heimförina, en fleiri þættir komu einnig við sögu.

Listrýnendur tóku sýningu Ragnheiðar vel, Valtýr Pétursson bendir sérstaklega á, „að styrkur listakonunnar liggir í litameðferðinni, að hún láti smáatriði og sjónarspilið veg allrar veraldar og nái einhverju fersku og lifandi inn í málverkið sem verkar

SJÁ NÆSTU SÍÐU